

Samfélagsgreinar– Skólanámskrá 5. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Reynsluheimur: umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikan	• Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum. • Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. • Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. • Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks. • Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum. • Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. • Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. • Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði. • Gert grein fyrir hefðum, hátíðum, siðum og táknum í helstu trúarbrögðum heims.	
Hugarheimur: Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.	• Geta áttað sig á gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismat fyrir eigin sjálfsvitund. • Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.	

	• Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess, sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. • Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda og hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. • Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.	
Félagsheimur: Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.	• Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu og rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðislegum toga. • Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum. • Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda. • Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	
Námsefni		
Lykilhæfni		